

Nd.

**226. Breytingartillögur**

[134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Við 1. gr. Í stað „ákvörðun ríkisstjórnarinnar“ í næstsíðustu málgrein komi: tillögum Stéttarsambands bænda.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. (2. gr.) 23. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.
  - b. (3. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.
  - c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.
  - d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:

Síðasti málsliður 2. málsg. 16. gr. laga nr. 63 1957 orðist þannig:  
Stjórnnum banka og sparisjóða skal skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.
3. Við 2. gr. Við greinina bætist:

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.